

29. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í kaffistofu í Kirkjuferjuháleigu 29. ágúst 1995.

Mættir: Guðmundur Hermannsson, Karl Björnsson, Sigurður Jakobsson, Arnar Árnason, Þorvarður Hjaltason og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Dagskrá:

1. Staða framkvæmda.

Sigurður Jakobsson greindi frá því að ekki væri hægt, vegna tíðarfars, að nota mold sem þéttilag í seinni urðunarrein sem nú er verið að vinna við. Til greina kemur að nota efni úr Ingólfsfjalli í þess stað. Ef sá kostur verður tekinn leiðir það til hækkunar á kostnaði um 650 þús. kr.

Samþykkt að fela Sigurði Jakobssyni og Þorvarði að semja við Ræktunarsambandið í samræmi við umræður sem urðu á fundinum.

Samþykkt að hefja viðræður við Ræktunarsambandið um þriðju urðunarreinina.

Arnar Árnason greindi frá því hvernig urðun hefur gengið frá því svæðið var tekið í notkun.

2. Fjárhagsstaða - fjárförf.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að taka þyrfti lán fyrir þeim framkvæmdum sem ólokið er og ógreiddum reikningum vegna yfirstandandi framkvæmda. Upphæðin liggur ekki fyrir þar sem ekki er ljóst hvað innheimtist af stofnframlögum nýrra aðildarsveitarfélaga. Áður samþykkt lánsheimild er enn ónýtt.

3. Þáttur vegagerðar í vegi að urðunarsvæði.

Verkfræðistofu Suðurlands falið að semja greinargerð um vegaframkvæmdirnar þar sem fram komi magntölur og kostnaður. Í þeim útreikningum verði miðað við þrískiptingu vegarins; frá þjóðvegi að afleggjara að Bræðrabóli, afleggjari að Bræðrabóli, frá afleggjara að Bræðrabóli að sorpurðunarsvæði.

4. Staða bótakröfumála á hendur Sorpstöð Suðurlands.

Ekkert hefur gerst í þeim málum annað en það að skoðun lögfræðinga og matsmanns vegna kröfu eigenda Hvalsbrúnar fór fram um mánaðarmótin júní/júlí.

5. Fyrirkomulag reksturs í vetur, mannafla- og tækjapörf.

Framkvæmdastjóra falið að leita samninga við Ræktunarsambandið um áframhaldandi leigu á gröfu.

6. Önnur mál.

- a) Samþykkt að hafa sorpurðunarsvæði lokað í hádegi frá kl. 12.00 - 13.00.
- b) Kostnaðaráætlun vegna lagningar hitaveitu frá Verkfræðistofu Suðurlands. Samþykkt að fara í verkið og bjóða það út. Verkfræðistofu Suðurlands falið að ganga frá útboðsgögnum í samráði við framkvæmdastjóra.
- c) Samþykkt var að halda aðalfund Sorpstöðvarinnar, fimmtudaginn 28. september 1995, kl. 14.00, á Hótel Selfossi.

Fundi slitið kl. 10.45.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Þorvarður Hjaltason.
Arnar Árnason.
Sigurður Jakobsson.
Guðmundur Hermannsson.